

**Ed. 99. Frumvarp til laga [79. mál]**

um breyting á lögum nr. 73 31. des. 1964, um stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum.

Flm.: Helgi Bergs.

**1. gr.**

Síðari málsgr. 10. gr. laganna orðist svo:

Skólastjóri og fastir kennarar eru opinberir starfsmenn og taka laun samkvæmt kjarasamningum þeirra.

**2. gr.**

Síðasta málsgr. 11. gr. laganna falli niður.

**3. gr.**

13. gr. laganna orðist svo:

Kostnaður við stofnun skólans og rekstur greiðist úr ríkissjóði.

**4. gr.**

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1966.

**Greinargerð.**

Á seinasta þingi voru samþykkt lög um stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum. Var um það full samstaða á Alþingi, að eðlilegt væri, að sjómannaskóli til fiskimannaprófs væri staðsettur þar.

Á hinn bóginn eru í lögnum ákvæði um það, að bæjarsjóður Vestmannaeyja skuli greiða kostnað við stofnun og rekstur skólans. Um það atriði var ágreiningur. Þótti mörgum óeðlilegt, að ríkið skyti sér undan því að greiða kostnað af sjómannafræðslunni eins og verið hefur og notaði sér þann áhuga, sem er fyrir skól-  
anum meðal Vestmannaeyinga, til að koma kostnaðinum af þessum hluta sjómannafræðslunnar yfir á þá eina.

Nú hefur skólinn útskrifað fyrsta nemendahópinn og hefur þar með sannað tilverurétt sinn í sjómannafræðsluferfinu.

Flutningsmanni þykir því rétt að kanna, hvort ekki sé nú orðinn meiri hluti fyrir því á Alþingi, að ríkið taki að sér kostnað af skólanum eins og öðrum þáttum sjómannafræðslunnar. Frumvarp þetta miðar að því, og eru ekki fólgnað í því aðrar breytingar á lögnum.